



Skipulags- og samgönguráð
Borgartún 14
105 Reykjavík Reykjavík

Erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni.

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 22. febrúar 2022 voru lögð fram og samþykkt drög að hjálögðu erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 15. febrúar 2022 til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að skipulags- og samgönguráð taki erindið til meðferðar.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnslá
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar.

Samrit:

Hjálagt: Erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni

Erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 15. febrúar 2022 til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni.

-Minni hraði og meira öryggi í miðborg.

Í miðborginni er 30 km. hámarkshraði. Margt ökufólk virðir ekki þann hraða og keyrir því miður langt yfir þeim hraða sem skapar hættu fyrir óvarða vegfarendur.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að skipulags- og samgönguráð kanni forsendur þess að ráðast í markvissar aðgerðir til þess að sporna við hraðakstri í miðborginni og auka öryggi vegfarenda.

Eitt sem hefur verið nefnt að hafi hraðaaukandi áhrif eru „víð“ gatnamót.

Íbúasamtök Miðborgar hafa boðið fram aðstoð við að kortleggja „víð“ gatnamót í hverfinu sem þarf að laga en sem dæmi um hættuleg gatnamót eru gatnamót við Bragagötu og Laufásveg, Bjargarstíg og Laufásveg. Egilsgata og Barónsstígur v/Austurbæjarskóla, gatnamót Eiríksgötu / Barónsstígur en þar eru beygjuljós og gönguljós græn á sama tíma og fólk oft hætt komið. Laufásvegur og Barónsstígur (þar er keyrt of hratt - sérstaklega strætó sem er stórhættulegur bæði gangandi og akandi, vegna stærðar fer hann stundum upp á gangstétt.), Laufásvegur og Njarðargata - v/Laufásborg, Barónsstígur og Njálsgata, Barónsstígur og Gréttisgata (það er keyrt allt of hratt á Barónsstíg), Egilsgata og Snorrabraut, Njarðargata og Þórsgata, Bergstaðastræti og Hallveigarstígur þar sem er mjög þröngt horn.

Einnig er nauðsynlegt að skoða aðrar leiðir sem virka til að minnka hraðakstur í hverfinu. Óskað er eftir að rýnt verði hvaða aðgerða sé heppilegt að grípa til með hliðsjón af rannsóknum og reynslu fagfólks í umferðaröryggismálum.

Sem dæmi má nefna:

- Setja upp fleiri hraðahindranir og laga þær sem fyrir eru.
- Bæta við gróðri, blómakerjum og slíku sem gæti stutt við hraðaminnkun.
- Fleiri vistgötur?
- Aðgerðir til þess að strætó, rútuumferð og annar atvinnuakstur virði hraðatakmarkanir í hverfinu.
- Hraðamyndavélar og sektir?
- Hvað fleira er hægt að gera?

Fyrir hönd íbúaráðs Miðborgar og Hlíða,

Margrét M. Norðdahl.